

stofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.

9. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

2. gr.

4. gr. laga nr. 32 10. apríl 1974 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sjö dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

Dómarar Hæstaréttar kjósa sér forseta til tveggja ára og varaforseta til sama tíma. Varaforseti gegnir störfum forseta, þegar hann er forfallaður eða fjarstaddur. Hann skipar forsæti, þegar forseti situr eigi dóm. Ef hvorki forseti né varaforseti situr dóm, skal sá hæstaréttardómari, sem lengst hefur átt sæti í dómnum, skipa forsæti, en hafi tveir hæstaréttardómarar setið jafnlengi í dómnum, skal sá þeirra skipa forsæti, sem lengri hefur embættisaldur í heild.

2. gr.

2. gr. a laganna orðist svo:

Fimm dómara skipa dóm, nema annan veg sé fyrir mælt. Í sérlega mikilvægum málum getur dómurinn ákveðið, að sjö dómara sitji í dómi.

Í kærumálum sitja þrjú dómara, nema alveg sérstaklega standi á. Þrjú dómara geta enn fremur skipað dóm í einkamáli, ef úrslit máls varða eigi mikilvæga hagsmuni aðila að mati dómsins. Þrjú dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef refsing, sem við broti getur legið, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum.

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómara skipi dóm og þá hverjir.

Ef mál er umfangsmikið, er dómnum heimilt að ákveða að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum, ef dómari forfallast.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í stað orðanna „kr. 25 000.00“ í 13. gr. 2. mgr. laganna komi orðin: 200 þúsund krónur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1979.

Ákvæði 3. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

Gjört í Reykjavík 21. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 88 24. des. 1971, um 40 stunda vinnuviku.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutímar, sem vinna ber á því dagvinnutímabili á virkum dögum vikunnar, sem aðilar koma sér saman um. Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku.

Að jafnaði skulu unnar 8 klukkustundir í dagvinnu á degi hverjum frá mánudegi til föstudags, nema annar vinnutími henti betur af sérstökum ástæðum og um það sé samið af aðilum.

Heimilt er að semja um tilfærslu á dagvinnutímum, þannig að dagvinnutímar verði fleiri en 40 á tilteknum árstímum og færri á öðrum, en að meðaltali á ári hverju ekki fleiri en 40. Þetta gildir þó aðeins í þeim tilvikum, þar sem slíkur háttur hefur verið á hafður fyrir gildistöku laga þessara.

Þegar dagvinnu er skilað með 8 stunda vinnu á dag frá mánudegi til föstudags skal næturvinna taka við á föstudögum strax og lögboðinni eða umsaminni vinnuviku er lokið.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1979.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.